

Göngur laxfiska um fiskveg við Kattarfoss í Hítará 2011

Sigurður Már Einarsson



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf


Forsíðmynd: Hítará í vetrarbúningi
Höfundur: Sigurður Már Einarsson

Göngur laxfiska um fiskveg við Kattarfoss í Hítará 2011

Sigurður Már Einarsson

Skýrslan er unnin fyrir Stangaveiðifélag Reykjavíkur

Janúar 2012



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Efnisyfirlit.....bls.

Töflur:	i
Myndir:	i
Útdráttur.....	ii
Inngangur	1
Aðferðir.....	1
Niðurstöður og umræður.....	2
Þakkarorð	3
Heimildaskrá.....	3
Töflur	4
Myndir.....	5

Töflur:

Tafla 1. Umferð fiska um fiskteljarann við Kattarfoss sumarið 2011.	4
Tafla 2. Fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann (nettó upp-niður)	4
Tafla 3. Yfirlit yfir göngur laxfiska um fiskteljarann	4

Myndir:

1. mynd. Laxveiði í Hítará árin 1974 til 2011.....	5
2. mynd. Stangveiði á bleikju og urriða í Hítará árin 1987 til 2011.	5
3. mynd. Göngur laxfiska um fiskteljarann (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará frá 7. júní til 19. október 2011.....	5
4. mynd. Lengdardreifing laxfiska í Hítará í skráningum í fiskteljara 2011 (nettó upp-niður fyrir teljarann).....	6
5. mynd. Göngutími laxfiska innan sólarhringsins samkvæmt skráningum í fiskteljara (nettó upp-niður) við Kattarfoss í Hítará árið 2011.	6

Útdráttur

Fiskteljari var starfræktur við Kattarfoss í Hítará frá 7. júní til 19. október 2011. Alls gengu 113 laxar og 2 silungar upp fyrir fiskteljarann og var gangan sú minnsta frá upphafi talninga árið 2007. Truflanir komu fram á starfsemi teljarans síðari hluta tímabilsins og náðist því ekki heildartalning á göngunni. Hlutfall tveggja ára laxa af göngunni upp fyrir foss árið 2011 var 34 % og stærsti laxinn sem gekk upp fyrir fossinn var áætlaður um 11 kg að þyngd.

Lykilorð: fiskteljari, Hítará, lax, silungur, göngutími,

Inngangur

Hítará á Mýrum er góð veiðia þar sem lax er ríkjandi tegund í veiðinni og hefur laxveiði farið vaxandi í ánni hin síðustu ár (1. mynd). Auk lax hefur bleikjuveiði verið drjúg í ánni, einkum fyrr á árum, en síðastliðin 10 ár hefur jafnt og þétt dregið úr veiðinni (2. mynd). Auk bleikju veiðist dálítið af urriða í ánni (2. mynd). Veiðinýtingunni hefur verið skipt á tvö svæði. Annars vegar Hítará I sem er aðalsvæði árinna frá ós að Kattarfossi, en þar er veitt með 4 – 6 stöngum, og Hítará II, sem er svæðið frá Kattarfossi að Hítarvatni, ásamt hliðaránum Grjóta og Tálma. Lax veiðist á öllu þessu svæði en silungsveiðin er einkum bundin við neðri hluta Hítará.

Fylgst hefur verið með göngum laxfiska í fiskveginum við Kattarfoss, en þar hefur verið starfræktur fiskteljari frá árinu 2007. Kattarfoss er í um 15 km fjarlægð frá sjó og var byggður fiskvegur við fossinn árið 1971 (Hafdís Hauksdóttir 1999), en ofan hans er um 14 km langt svæði sem nær inn að Hítarvatni. Veiðimálastofnun hefur umsjón með fiskteljaranum og í skýrslunni verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum ársins 2011 ásamt umfjöllun um þróun í fiskgengd upp á svæðið ofan við Kattarfoss.

Aðferðir

Árvaka fiskteljara var komið fyrir í hornhólfi fiskvegarins við Kattarfoss í Hítará þann 7. júní 2011 og starfaði teljarinn til 19. október. Teljarabúnaðurinn er samsettur af skynjara í ánni, stjórnstöð, rafgeymi og sólarrafhlöðu. Í hugbúnaði teljarans eru skráðar og geymdar í minni upplýsingar um göngutíma einstakra fiska auk tveggja skuggamynda af hverjum þeirra. Stærð fiska er ganga um teljarann er áætluð út frá hæð (þykkt) þeirra. Allgóð tengsl eru á milli hæðar og lengdar fisksins og er hæðin því umreiknanleg í lengd hans. Stuðullinn 6,0 (hæðar/lengdarstuðull) var notaður til að umreikna lengd fiska út frá teljaraskráningum. Við úrvinnslu gagna var miðað við að fiskur innan við 45 cm væri silungur, smálax (1 ár í sjó) væri frá 45 til 70 cm að lengd og stórlaxinn (2 ár í sjó) 71 cm eða stærri. Vatnshitani er hluti af búnaði teljarans og skráir teljarinn vatnshitann á 3 klst fresti.

Nokkrir hnökrar komu fram við starfrækslu teljarans árið 2011. Símasamband við teljarann hefur reynst óstöðugt og er kostnaðarsamt að sinna teljaranum á vettvangi sökum erfiðs aðgengis. Þá er sólarcella illa staðsett, einkum á haustin er draga fer úr birtu. Af þessum sökum varð teljarinn um tíma rafmagnslaus haustið 2010 og

töpuðust þá skráningar. Gera þef bragarbót á umbúnaði teljarans til að tryggja aukið rekstraröryggi teljarans og jafnframt til að minnka kostnað við rekstur hans.

Niðurstöður og umræður

Fjöldi fiska sem gekk upp eða niður fyrir teljarann var alls 189, en nettó fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann var 115, þar af 113 laxar og 2 silungar (tafla 1). Fyrsti laxinn gekk upp fyrir teljarann þann 17. júní, en einungis 2 laxar gengu upp fyrir teljarann í júní (tafla 2, 3. mynd). Í júlí gengu alls 73 fiskar, flestir þann 30. júlí alls 14 (3. mynd). Í ágúst komu fram skráningar fram undir miðjan mánuðinn, en þá tók algjörlega fyrir þær og einungis 32 fiskar voru þá skráðir. Einnig komu fram skráningar fyrri hluta september, en engir fiskar gengu í október (tafla 2). Hugsanlegt er að teljarinn hafi ekki starfað eðlilega eftir miðjan ágúst, en þó er vitað að teljarinn var í lagi a.m.k. hluta þess tímabils. Líta verður því til skráðrar göngu um teljarann 2011 sem lágmarksgilda af fyrrnefndum ástæðum, en þetta er minnsta ganga upp fyrir teljarann sem skráð hefur verið (tafla 3). Mesta gangan um teljarann er jafnan í júlímánuði, og gangan 2011 var þannig 48% af júlígöngunni 2010 og 34% af göngunni í sama mánuði árið 2009. Í ágúst 2011 var gangan 34% af göngunni 2010 og 65% árið 2011 (Sigurður Már Einarsson 2010, Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson 2010). Allt bendir því til að gangan 2011 hafi verið fremur lítil sé mið tekið af tímabilinu fram undir miðjan ágúst en þá starfaði teljarinn eðlilega

Stórlax var áberandi í göngunni, en alls komu fram 38 stórlaxar eða 34% af göngunni (4. mynd). Stærsti laxinn sem gekk um teljarann var áætlaður 104 cm að lengd en lax af þessari stærð vegur um 11 kg, en laxinn gekk upp fyrir teljarann þann 11. júlí.

Lax gekk upp fyrir teljarann alfarið síðari hluta dagsins frá kl 13 -21 (5. mynd) og er það svipuð niðurstaða og fram hefur komið í fyrri árum (Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson 2009, Sigurður Már Einarsson 2010).

Lagt er til að breytingar verði gerðar á umbúnaði fiskteljarans. Teljaraskápur og sólarsella verði færð upp á klettakambinn ofan við fiskveginn, en þar ætti bæði símasamband og sólarsella að virka betur en við núverandi staðsetningu auk þess sem mun auðveldara verður að sinna teljaranum. Slíkt er tæknilega auðvelt og ætti ekki að hafa verulegan kostnað í för með sér.

Einnig er hér bent á að engar rannsóknir hafa verið stundaðar á seiðaframleiðslu Hítarár í langan tíma, en gögn um veiðinýtingu og göngur upp á efra svæði árinna

öðlast mun meira gildi ef unnt er að tengja þær seiðabúskap og seiðaframleiðslunni. Miklir þurrkar sumarið 2010 leiddu þannig til þess að Hítará þornaði upp á nokkurra kílómetra kafla, sem getur hafa leitt til verulegra affalla á seiðaframleiðslunni á viðkomandi svæði.

Þakkarorð

Ástu Kristínu Guðmundsdóttur eru færðar bestu þakkir vegna yfirlesturs á handriti að skýrslunni og færði hún margt til betri vegar.

Heimildaskrá

- Hafdís Hauksdóttir 1999. Fiskvegir á Íslandi. Fjöldi þeirra virkni og opnun á búsvæðum laxa. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. B.S. ritgerð. 33 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson 2009. Talning laxfiska í Hítará á Mýrum 2009. Veiðimálastofnun. VMST/0947. 6 bls.
- Sigurður Már Einarsson 2010. Talning laxfiska í Kattarfossi í Hítará árið 2010. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST/10047. 6 bls.

Töflur

Tafla 1. Umferð fiska um fiskteljarann við Kattarfoss sumarið 2011. Teljarinn var starfræktur frá 7. júní til 19. október 2011.

Fisktegund	Fjöldi fiska		
	Upp	Niður	Upp-niður
Silungur	2	0	2
Lax 1 ár í sjó	100	27	73
Lax 2 ár í sjó	49	11	38
Lax Samtals	149	38	113


Tafla 2. Fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann (nettó upp-niður) við Kattarfoss í hverjum mánuði árið 2011.

Mánuðir	Fjöldi silunga	Fjöldi laxa		
		1 árs	2 ára	Samt.
Júní	0	2	0	2
Júlí	2	44	29	73
Ágúst	0	25	7	32
September	0	2	2	4
Oktober	0	0	0	0
	2	73	38	111


Tafla 3. Yfirlit yfir göngur laxfiska um fiskteljarann í Kattarfossi árin 2007 til 2011.

Ár	Silungar	Lax		
		1 ár í sjó	2 ár í sjó	Samtals
2007	-1	183	73	256
2008	-1	151	67	218
2009	19	250	33	283
2010	5	269	84	353
2011	2	73	38	111


Myndir




1. mynd. Laxveiði í Hítará árin 1974 til 2011.




2. mynd. Stangveiði á bleikju og urriða í Hítará árin 1987 til 2011.




3. mynd. Göngur laxfiska um fiskteljarann (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará frá 7. júní til 19. október 2011.



4. mynd. Lengdardreifing laxfiska í Hítará í skráningum í fiskteljara 2011 (nettó upp-niður fyrir teljarann).



5. mynd. Göngutími laxfiska innan sólarhringsins samkvæmt skráningum í fiskteljara (nettó upp-niður) við Kattarfoss í Hítará árið 2011.



Veidimalastofnun
Keldnaholt, 112 Reykjavík
Sími 580-6300 Símbref 580-6301
www.veidimal.is veidimalastofnun@veidimal.is



Ásgarður, Hvanneyri
311 Borgarnes



Brekkugata 2
530 Hvammstangi



Sæmundargata 1
550 Sauðárkrókur



Austurvegur 3-5
800 Selfoss